

## Orðanefnd læknafélaganna - 100

Fundur var haldinn mánudaginn 17. apríl 2023 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 100. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

**Mætt voru:** Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

Í tilefni af 100. fundi nefndarinnar voru teknar ljósmyndir af nefndarmönnum og annaðist Sigurður Stefán Jónsson, ljósmyndari StÁM, myndatökuna. Þá var einnig haldið upp á daginn með því að þiggja kaffiveitingar með laglegri tertu frá stofnuninni.

### 1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 99. fundar (20. mars 2023), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

**2. Úr sögu orðanefnda lækna:** JHJ hafði kannað frásagnir af orðanefndum læknafélaganna sem er að finna í gömlum heftum af Læknablaðinu. Fyrsta nefndin, sem sögur fara af, var stofnuð 1968 og í henni sátu 5 lækna. Starfsemi hennar var hvorki mikil né langvarandi. Næsta orðanefnd var svo stofnuð 1983 og í henni sátu 3 lækna í upphafi en fjölgaði með tímanum. Sú nefnd hófst þegar handa af miklum krafti og annaðist undirbúning, vinnslu og útgáfu Íðorðasafns lækna í 14 heftum fram til 1989. Fleiri minni söfn voru gefin út fram til 1996. Eftir þetta lá formlegt nefndarstarf niðri þar til starfsemin var endurvakin með stofnun nýrrar Orðanefndar Læknafélags Íslands snemma á árinu 2012. Í þeirri nefnd sátu fyrstu árin þrjú lækna. Tilgangur nefndarinnar var að hefja vinnu við Íðorðasafn lækna með því markmiði að endurskoða og bæta við safnið og hefur síðan verið unnið að því af miklum krafti. JHJ hafði einnig tekið saman lista með nöfnum þeirra lækna sem starfað hefðu formlega í nefndunum. Nöfn fjölda annarra lækna, sem lagt hafa orðanefndinni lið í starfi sínu, má finna í útgefnum bókum fyrri nefndarinnar 1995-1996, þ.e. rauðu bókunum með líffærafræði-, vefjafræði-, fósturfræði- og sjúkdómaheitunum.

**3. Orðanefndarvinnan:** JHJ gaf yfirlit um afköst núverandi nefndar. Í Íðorðasafni lækna eru nú yfir 33 þúsund færslur með fræðilegum heitum. Frá árinu 2012 hafa rúmlega 10 þúsund færslur verið endurskoðaðar og endurbættar og rúmlega 2 þúsund nýjum færslum hefur verið bætt við safnið á þessum tíma. Safnið er öllum opið í Íðorðabankanum í gegnum vef Stofnunar Árna Magnússonar (<https://idordabanki.arnastofnun.is/>).

**4. Íðorðavinna:** Ágústa Þorbergsdóttir, málfræðingur og ráðgjafi nefndarinnar, flutti erindi með yfirliti um grundvallaratriði í íðorðastarfsemi og gat marvíslegra þátta í starfinu, s.s. stefnumiða, grunnhugtaka, alþjóðlegra staðla og lykilatriða í faglegu og hagnýtu starfi. Nefndarmenn voru sammála um að þetta hefði verið þeim mjög gagnleg yfirferð.

**5. Önnur mál:** Rætt var óformlega um nokkur stór og smá fyrirliggjandi íðorðaverkefni. JHJ sagði meðal annars frá ýmsum fyrirspurnum sem borist höfðu á liðnum mánuðum.

**Næsti fundur.** Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 15. maí 2023 á sama stað og tíma dags. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með dagskrá í tölvupósti.

Fundi var slitið um um kl. 18. Fundargerð ritaði JHJ.